

Fjallabyggð  
Íris Stefánsdóttir  
Gránugötu 24  
580 Siglufjörður

Reykjavík, 17. september 2024  
UST202409-058/A.B.  
10.04.02

## Efni: Lýsing - Breyting á aðalskipulagi Fjallabyggðar 2022-2032 - Kirkjugarður við Brimnes

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Fjallabyggðar er barst 5. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Fjallabyggðar 2022-2032 vegna kirkjugarðsins við Brimnes

Í greinargerð kemur fram fyrirhugað er að við Brimnes verður skipulagt svæði fyrir framtíðar kirkjugarð Ólafsfirðinga. Núverandi kirkjugarður við Aðalgötu er nánast fullnýttur og tækifæri til stækkunar á því svæði ekki metin hagfelld. Auk þess segir að með nýju deiliskipulagi fyrir Brimnes er tryggt landrými fyrir kirkjugarða í Ólafsfirði og Siglufirði til næstu áratuga miðað við gefnar forsendur. Núgildandi aðalskipulag Fjallabyggðar (2022-2032) gerir ekki ráð fyrir nýjum kirkjugarði í Ólafsfirði og því þarf að vinna lögformlega breytingu á því skipulagi samhliða deiliskipulagsgerðinni fyrir garðinn í Brimnesi.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda lýsingu og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson  
**sérfræðingur**  
Sverrir Aðalsteinn Jónsson  
**teymisstjóri**